

Nd.

263. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman niðurstöðutölur ríkisreikningsins, en ekkert fundið athugavert.

Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að samþykkja frumvarpið óbreytt, þó með þeim fyrirvara, að tölur kunni að breytast eitthvað að lokinni hinni umboðslegu endurskoðun.

Einar Olgeirsson og Skúli Guðmundsson vilja fresta afgreiðslu málsins, þar til fyrir liggur skýrsla frá ríkisendurskoðuninni um endurskoðun reikninga þeirra 42 aðila, sem ólokið var, þegar yfirskoðunarmenn Alþingis gáfu út sínar athugasemdir við ríkisreikninginn. Munu þeir þá síðar skila séráliti um frumvarpið.

Alþingi, 20. des. 1960.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Jóhann Hafstein.